

**FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1028****2016/EES/57/39****frá 19. apríl 2016**

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni í rafmagnstengingar við hitamælingarnema í tilteknum tækjum í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er lagt bann við notkun blýs í raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað.
- 2) Blý er notað í rafmagnstengingar í lághitanema fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki til að koma í veg fyrir myndun þykkra melmilsfasa, hærुकristalla og tinsóttar (e. *tin pest*). Þessir nemar eru notaðir í tilteknum búnaði til að mæla mjög lágt hitastig í stuttan tíma.
- 3) Ekki er hægt að nota blýlaus lóðningarefni í lághitabúnað þar eð þeim er hætt við að fá tinsótt sem hefur alvarleg áhrif á áreiðanleika tækjanna. Sýnt hefur verið fram á að í lághitamæla, sem eru notaðir á dæmigerðan hátt, er engin önnur tækni en lóðun bæði áreiðanleg og tiltæk fyrir tengingar.
- 4) Því skulu lóðningarefni úr blýi í ytri tengingum við hitanema, sem notaðir eru reglulega við hitastig undir -150 °C , njóta undanþágu til 30. júní 2021 samkvæmt undanþágunni í 26. lið IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til nýsköpunarferla fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 5) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 168, 25.6.2016, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 175/2016 frá 23. september 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. apríl 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

—————
VIÐAUKI

Í stað 26. liðar IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB komi eftirfarandi:

„26) Blý í eftirtalinn búnað sem eru notaður varanlega við hitastig undir – 20 °C við eðlileg notkunar- og geymsluskilyrði:

- a) lóðningarefni á prentplötur,
- b) húðir á úttakstengjum á rafmagns- og rafeindahlutum og húðir á prentplötum,
- c) lóðningarefni til að tengja víra og rafstrengi,
- d) lóðningarefni til að tengja ferjöld og skynjara.

Blý í lóðningarefni í rafmagnstengingar við hitamælingarnema í tækjum sem ætluð eru til reglulegrar notkunar við hitastig undir –150 °C.

Þessar undanþágur falla úr gildi 30. júní 2021.“

—————